

## **194 fundur stjórnar SSV**

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 28 janúar kl.10.00 á Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi

Mætt voru; Ragnar Sæmundsson, Einar Brandsson, Elín Ósk Gunnarsdóttir, Pétur Davíðsson, Guðveig Eyglóardóttir, Ingibjörg Þ. Steinudóttir, Jakob B.S. Jakobsson, Jósef Kjartansson. Júníana Óttarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen tóku þátt í fundinum á teams. Bjarney Bjarnadóttir sat fundinn í forföllum Sigurðar Guðmundssonar. Auk þess sat Páll S. Brynjarsson fundinn og ritaði fundargerð.

Ragnar Sæmundsson, formaður SSV, setti fund kl.10.00

### **Dagskrá**

#### **1. Fundargerð frá 193 fundi stjórnar SSV**

Formaður lagði fram fundargerð frá 193 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

#### **2. Umsögn um Samgönguáætlun 2026-2040**

Stjórn ræddi helstu áherslur í umsögn SSV við tillögu að Samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2026-2030. Framkvæmdastjóra falið að vinna umsögn og senda á stjórn til kynningar.

#### **3. Sóknaráætlun Vesturlands**

Lögð fram drög að viðaukasamningi Innviðaráðuneytis og SSV við Sóknaráætlun Vesturlands, þar sem SSV er falið að úthluta 35 m.kr. árið 2026 til verkefna á Vesturlandi. Samningur er tilkominn vegna samþykktar Fjárlaganefndar sem óskaði eftir því að landshlutasamtökin myndi deila út þessum fjármunum, en áður afgreiddi fjármálnefnd ýmis erindi sem henni bárust um styrkveitingar til einstakra verkefna. Stjórn samþykkti samningsdrögin og fól starfsfólki SSV að vinna tillögu að því hvernig staðið verði að útdeilingu fjármunanna.

#### **4. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands**

Lagt fram minnisblað með tillögu að nýjum áhersluverkefnum fyrir árið 2026 sem og tillögu að viðbótar fjárveitingum til verkefna sem nú þegar eru í gangi. Stjórn samþykkti tillöguna að sinni hálfu og fól framkvæmdastjóra að kynna tillöguna fyrir samráðsvettangi Sóknaráætlunar Vesturlands.

#### **5. Lokun 2G og 3G farneta á Vesturlandi**

Lagt fram minnisblað frá Gagna ehf. um lokun 2G og 3G farneta á Vesturlandi og möguleg viðbrögð ef lokanir draga úr gæðum sambands. Stjórn samþykkti að fela

framkvæmdastjóra að óska eftir upplýsingum frá sveitarfélögunum um mögulegar breytingar á farnetssambandi í kjölfar lokunar á 2G og 3G og koma þeim upplýsingum á framfæri við Fjarskiptastofu.

## **6. Línustæði, eignarréttur og endurgjald**

Lagt fram minnisblað um vinnu Torfa Jóhannessonar ráðgjafa, en hann hefur haft til skoðunar fyrir SSV og SSNV hvernig nágrannabjóðir okkar standa að greiðslu endurgjalds til landeigenda í tengslum við línustæði.

## **7. Orkumál á köldum svæðum**

Lögð fram kynning sem Blámi var með á fundi um orkumál á köldum svæðum á Vesturlandi. Stjórn þakkaði Bláma fyrir sína vinnu og óskaði eftir að unnin yrði tillaga að framhaldi verkefisins og útfærðri aðgerðaráætlun um aukið raforkuöryggi, bættu orkunýting og lægri orkukostnað á rafkynntum svæðum á Vesturlandi

## **8. Kolefnisspor Vesturlands 2024**

Lögð fram skýrsla um kolefnisspor Vesturlands sem unnin var af Evironice fyrir SSV. [Kolefnisspor-Vesturlands-2024-LOKA.pdf](#). Stjórn SSV þakkaði Environice fyrir vel unna skýrslu og óskaði eftir því að haldinn verði opinn kynningarfundur á netinu um skýrsluna.

## **9. Fréttir af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Einar Brandsson stjórnarmaður hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fór yfir helstu dagskrárliði síðasta stjórnarfundar. Einar tiltók tvennt sérstaklega; Annars vegar fór hann yfir skýrslu millipinganefndar, sem hefur það hlutverk að móta tillögu að endurskoðun á samþykktum Sambandsins hvað varðar kosningu og starfsumhverfi stjórnar. Hins vegar umræðu sem varð um styttingu sumarfrís í grunnskólum í kjölfar tillögu Viðreisnar um að stytting sumarfrís yrði tekin til skoðunar hjá Reykjavíkurborg. Borgin hafði vísað tillögunni til stjórnar Sambandsins.

**Fundi slitið kl.12.25**